

Ár 2006, 30. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lög in um kjararáð tóku gildi skyldu sæta kjaraákvörðunum þess þar til kjararáð hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið. Framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa málefna fatlaðra féllu áður undir úrskurðarvald kjaranefndar. Samkvæmt framangreindu ákvæði til bráðabirgða heyrir það því undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör þeirra.

Kjararáði barst bréf dagsett 20. september 2006 frá framkvæmdastjórunum með ósk um endurskoðun á launakjörum þeirra. Í bréfinu sagði að hlutverk svæðisskrifstofa væri skilgreint í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Það væri meðal annars að annast rekstur fyrir fatlaða á vegum ríkisins; að bera ábyrgð á framkvæmdum í málefnum fatlaðra sem veitt er fé til úr Framkvæmdasjóði fatlaðra; að safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra; að annast gerð svæðisáætlana um uppbyggingu þjónustu við fatlaða; að annast mat á þörf fatlaðra fyrir þjónustu; að eiga samstarf við heilsugæslu, fræðslustjóra og sveitarfélög vegna félagsþjónustu, ferlimála og annarra málefna fatlaðra; að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna og að sjá til þess að fatlaðir fái sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf. Veruleg aukning hefði orðið á rekstrarlegu umfangi allra svæðisskrifstofanna þótt umfang tveggja hinna stærstu, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi væri eðlilega mun meira en hinna fjögurra og væri svæðisskrifstofa fatlaðra í Reykjavík ein af 10 stærstu ríkisstofnunum í starfsmannahaldi og veltu. Hinar skrifstofurnar sinntu stóru landsvæði sem kallaði á ferðalög og fjarveru frá aðalstarfstöð og heimili. Á skrifstofunum færi fram mikið frumkvöðlastarf og stefnumótunarvinna m.a. varðandi starfsmannamál. Stofnanasamningar sem gerðir hefðu verið við félög Bandalags háskólamanna fælu í sér miklar hækkanir til þeirra og væri launamunur milli sérfræðinga og framkvæmdastjóra orðinn lítill sem enginn. Laun framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa væru lægri en flestra annarra embættismanna, en starfssvið þeirra væri sambærilegt við starfssvið framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnana. Óskað var eftir að kjararáð hækkaði laun framkvæmdastjóranna með hliðsjón af framansögðu.

Með bréfum dagsettum 13. október 2006 gaf kjararáð félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna málsins. Svar dagsett 25. október 2006 barst frá fjármálaráðuneytinu. Frá félagsmálaráðuneytinu barst svar dagsett 30. október 2006 þar sem fram kom að ráðuneytið teldi mikilvægt að framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa málefna fatlaðra nýtu sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem störfunum fylgdu. Að auki taldi ráðuneytið rétt að höfð yrði hliðsjón af þróun launa hjá starfsmönnum ríkisins og benti í því sambandi á að laun starfsfólks í umönnunarstörfum hefðu hækkað umtalsvert á síðastliðnum árum og því væri ekki óeðlilegt að það yrði metið sérstaklega við ákvörðun launa framkvæmdastjóranna.

Fulltrúar framkvæmdastjóranna komu á fund kjararáðs 14. nóvember 2006 og gerðu nánari grein fyrir störfum sínum og rekstrarumfangi skrifstofanna.

II.

Í lögum nr. 59/1992 er gerð grein fyrir starfsemi skrifstofa málefna fatlaðra. Í 5. grein laganna segir að landinu sé skipt í starfssvæði málefna fatlaðra og fari svæðaskipting eftir kjördæmaskipan. Landinu er skipt í svæði eftir kjördæmaskipan eins og hún var þegar lögin voru sett og eru nú reknar skrifstofur um málefni fatlaðra á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austurlandi, Suðurlandi, Reykjanesi og í Reykjavík. Þjónustusamningur hefur verið gerður við Akureyrarbæ og sér hann um þjónustuna á Norðurlandi eystra. Í 12. grein laganna segir að félagsmálaráðherra skipi framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa, að fenginni umsögn svæðisráða, til þess tíma er yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga komi til framkvæmda, þó eigi lengur en til fimm ára.

Eins og fram kom í bréfi framkvæmdastjóranna er umfang skrifstofanna í Reykjavík og á Reykjanesi mun meira en hinna svæðisskrifstofanna. Á móti kemur að starfssvæði skrifstofanna utan höfuðborgarsvæðisins eru mjög stór og sum erfið yfirferðar og þurfa skrifstofurnar að hafa samband við mikinn fjölda sveitarfélaga vegna starfseminnar og veldur það auknu álagi.

III.

Í 8. grein laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. grein laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. grein hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. grein laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mæla til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skuli til viðmiðunar eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess taki til.

Á undanförnum misserum hafa orðið allmiklar breytingar á launum þeirra sem vinna við umönnun fatlaðra. Auk þess hefur umfang starfseminnar aukist í takt við aukna áherslu á þennan málaflokk. Kjararáð telur því vera tilefni til endurskoðunar á launum framkvæmdastjóranna.

Við ákvörðun launa framkvæmdastjóranna hefur kjararáð meðal annars haft hliðsjón af launum framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnana. Tekið hefur verið mið af rekstrarlegu umfangi skrifstofanna, meðal annars því að álagið er mest á höfuðborgarsvæðinu hvort sem litið er til fjölda skjólstæðinga eða þjónustuþyngdar.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa málefna fatlaðra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

IV.

Ákvörðunarorð

Frá 1. júlí 2006 skulu mánaðarlaun og einingar vegna yfirvinnu framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa málefna fatlaðra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs sem hér segir:

	launatafla - lfl.	mán.laun	ein./mán.
Framkvæmdastjórinn í Reykjavík	502-130	512.395	30
Framkvæmdastjórinn á Reykjanesi	502-130	512.395	22
Framkvæmdastjórinn á Suðurlandi	502-126	446.523	18
Framkvæmdastjórinn á Vestfjörðum	502-126	446.523	15
Framkvæmdastjórinn á Austurlandi	502-126	446.523	15
Framkvæmdastjórinn á Vesturlandi	502-126	446.523	15

Eining er 1% af launaflokki 130, í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.124 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóranna gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir